

J A F N R É T T I S N E F N D N E S K A U P S T A Ð A R

18. fundur.

Ár 1979, 26 maí, laugardagur. 18. fundur haldinn í Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar í 6. kennslustofu Gagnfræðaskólans.

Mættir voru: Anna Björnsdóttir, Árni Þormóðsson, Gerður G. Óskarsdóttir, Ina Gísladóttir, Stella Steinbórsdóttir og Guðmundur Sigurjónsson.

Tekið fyrir:

1. Námskeið um uppeldismál (í tilefni barnaárs):

Formaður gerði grein fyrir foreldranámskeiði sem samstarfshópur um barnaárið stóð fyrir dagana 27. og 28. maí s.l. Hinir ýmsu aðilar samstarfshópsins hafa skipt með sér verkum og tók Jafnréttisnefnd að sér að sjá um þetta námskeið um uppeldismál.

Sigrún Júlíusdóttir félagsráðgjafi flutti tvö erindi á námskeiðinu. Fyrri daginn ræddi hún um breytta stöðu fjöðlskyldunnar og þá erfiðleika sem sú breyting hefur í för með sér og síðari daginn fjallaði hún um félagsþroska barna og unglunga. Umræður voru á eftir.

Námskeiðið fór fram í Gagnfræðaskólanum og sóttu það um 25 manns. Barnaverndarnefnd og Jafnréttisnefnd deildu með sér kostnaði. Barnagæsla var á dagheimilinu og notuðu margir sér hana. 15 til 20 börn voru þar meðan á fundi stóð og mæltist þessi þjónusta vel fyrir. Fundurinn var auglýstur með dreifibréfi í báðum skólum og með auglýsingu í Austurlandi.

2. Dagskrá Jafnréttisnefndar á 1.maí fundi Verkalýðsfélags Norðfirðinga:

Ina Gísladóttir gerði grein fyrir dagskrárlið Jafnréttisnefndar á 1.maí fundir Verkalýðsfélags Norðfirðinga. Dagskráin var í heild unnin af 14 manns. Starfshópur vann að upplestrárdagskrá og annar að því að æfa og flytja söng undir stjórn Olgu G. Arnadóttur og við undirleik tveggja hljóðfæraleikara. Var efni safnað víða að og fjallaði dagskráin um öreigastétt Evrópu upp úr iðnbyltingu, breytingar á Íslandi og ástand í Neskaupstað á fyrri hluta aldarinnar vinnuálag og langan vinnudag, vinnu verkakvenna, kjör þeirra og þátttökuleysi í verkalýðsbaráttu fyrr og nú, barnaþrælkun í Bretlandi og á Íslandi o.fl.

3. Dreifibréf með niðurstöðum skoðanakönnunar nefndarinnar frá maí 1976:

Þrem bréfum hefur ^{þegar} verið dreift, en þau fjalla um viðhorf til jafnréttismála og atvinnuþátttöku kvenna, vinnutíma og menntun.

Þau tvö sem eftir eru eru tilbúin til prentunar. Annað fjallar um börn og verður dreift í næstu viku, hitt fjallar um verka-skiptingu á heimilum og verður dreift í byrjun júní. Bréfin 5 verða send til ýmissa aðila samkvæmt ákvörðun síðasta fundar. 4 manna starfshópur vann efni bréfanna, en Guðjón Ketilsson myndlistarkennari teiknaði myndir og texta.

4. Um ráðstefnu Jafnréttisráðs með aðilum vinnumarkaðarins.

Eftirfarandi bókun var samþykkt að senda Jafnréttisráði Íslands:

" Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar lýsir yfir ánægju sinni með viðleitni Jafnréttisráðs til samstarfs við launafólk og atvinnurekendur er ráðið efndi til ráðstefnu með aðilum vinnumarkaðarins 18. maí s.l. Jafnframt harmar nefndin að hafa ekki haft vitneskju um ráðstefnuna fyrr en hún var kynnt í blöðum og útvarpi rétt áður en hún var haldin. Nefndin hefði haft áhuga á að leita eftir samstarfi við verkalýsðfélagið á staðnum um að senda fulltrúa frá Neskaupstað.

Við viljum jafnframt benda að það að fólk utan af landi á að eiga þess kost að taka þátt í fundum eða ráðstefnum í Reykjavík þarf tímasetning og allar upplýsingar að liggja fyrir með all löngum fyrirvara.

Það er mat okkar að Jafnréttisnefndir sem starfandi eru séu kjörinn tengiliður Jafnréttisráðs við landsbyggðina."

5. Fjármál nefndarinnar:

Á fjárhagsáætlun Neskaupstaðar fyrir árið 1979 eru nefndinni ætlaðar kr. 190.000.-. Af þeirri fjárhæð hafa nú verið notaðar eða ráðstafað:

fundir u.þ.b.	60.000.-
foreldranámskeið	40.000.-
dreifibréf	80.000.-
póstkostn., pappír	
o.fl.	10.000.-

Alls: 190.000.-

Nefndin mun ekki starfa í sumar en væntanlega taka aftur til starfa næsta haust. Hún sér því ekki önnur ráð en leita til bæjarstjórnar um viðbótarfjárveitingu.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið.

Ina Gísladóttir
(sign.)

Anna Björnsdóttir
(sign.)

Stella Steinþórsdóttir
(sign.)

Arni Þormóðsson
(sign.)

Guðmundur Sigurjónsson
(sign.)

Gerður G. Óskarsdóttir
(sign.)